



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### ***Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Bjarkargötu og Tjarnargötu (US190399).***

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. desember 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Það vekur athygli að tvær götur í 101 Reykjavík, Bjarkargata og Tjarnargata eru báðar tvístefnu akstursgötur sem kemur sér mjög illa fyrir þá sem um þessar götur aka. Hægt er að aka þessar götur bæði til norðurs og suðurs. Bifreiðum er lagt báðu megin á götunni og því ekki mögulegt að mæta bifreiðum sem um götun aka er þær koma úr sitt hvorri áttinni.*

*Fyrirspurnin er þessi.*

*Flokki fólksins telur skynsamlegt að breyta Bjarkargötu og Tjarnargötu í einstefnu akstursgötur, annað hvort verði hægt að aka göturnar frá norðri eða frá suðri. Er eitthvað sem stendur í veginum fyrir slíkum breytingum.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Svar við fyrirspurn:

Umhverfis- og skipulagssvið hefur á síðustu árum átt í samskiptum við íbúa á syðri hluta Tjarnargötu sem óskað hafa eftir einstefnuakstri til suðurs um götuna. Ekki hefur verið talið æskilegt að koma á einstefnuakstri í Tjarnargötu og Bjarkargötu án frekari aðgerða, svo sem endurhönnunar á götuköflunum, m.a. þannig að lágur umferðarhraði verði tryggður og tekið verði tillit til umferðar hjólandi vegfarenda í báðar áttir. Gatan er mikilvægur ás fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur á milli háskólasvæðisins og miðborgarinnar og gönguljós eru yfir Hringbraut í beinu framhaldi af götunni.

Umhverfis- og skipulagssvið hefur á hverju ári ákveðið fjármagn sem ætlað er í umferðaröryggisaðgerðir. Í samræmi við stefnu borgarinnar forgangsraðar sviðið aðgerðum til að reyna hámarka árangur í að fyrirbyggja alvarleg slys. Aðstæður á Tjarnargötu eru ekki slíkar að aðgerðum þar verði forgangsraðað fram yfir aðrar fyrirhugaðar umferðaröryggisaðgerðir.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*starfandi samgöngustjóri*